

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent á: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 16. mars 2018

**Efni: Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.**

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 26. febrúar sl. þar sem Landvernd er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Auglýstur umsagnafræstur var til 13. mars en Landvernd fékk frest til að skila inn athugasemdum til föstudagsins 16. mars.

Landvernd hefur kynnt sér umrædda þingsályktunartillögu og fagnar því að nú sé lagður grunnur að heildrænni nálgun í raforkuflutningi á Íslandi og að umhverfissjónarmið eigi að veita jafn hátt og efnahagsleg og samfélagsleg sjónarmið.

1. Landvernd telur nauðsynlegt að við samanburð á kostnaði ólíkra kosta sé miðað við líftímakostnað en ekki einungis stofnkostnað eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni. Hið síðarnefnda gefur upp ranga mynd af heildarkostnaði og eykur líkur á tilefnislausu vali loftlína, sem hafa yfirleitt meiri neikvæð umhverfisáhrif en jarðstrengir.
2. Landvernd vill áréttta að í umræðu um flutningkerfið er brýnt að greina á milli raforkuflutnings og raforkudreifingar. Í greinargerð þingsályktunartillögunnar er þessu ítrekað ruglað saman.
3. Tekið er undir það sjónarmið varðandi 10. tölulið A-hluta, þar sem vísað er til friðlýstra svæða og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt ákvæðum laga um náttúruvernd, að einnig verði vísað til svæða á náttúruminjaskrá, sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd, og svæða sem njóta verndar skv. sérlögum. Þannig sé komið í veg fyrir að náttúruverndargildi umræddra svæða sé virt að vettugi við skipulagningu flutningskerfis raforku á Íslandi. Er þetta sérstaklega mikilvægt varðandi svæði á náttúruminjaskrá, enda er lagaleg vernd þeirra takmörkuð þar til friðlýsingarferli þeirra hefur verið lokið.
4. Landvernd telur æskilegt að bæta við nýju ákvæði sem heimilar lengri línu- og/eða strengjalögn ef rík ástæða er til að sneiða hjá náttúruvætti eða svæði tilteknu í 10. tölulið, sé kostnaðurinn innan eðlilegra marka. Þannig fáiast meiri sveigjanleiki fyrir náttúruvernd og um leið er dregið úr tilefni til mótstöðu í undirbúningsferli framkvæmda, án teljandi kostnaðar í stærra samhenginu.

Virðingarfyllt,  
F.h. stjórnar Landverndar  
Pétur Halldórsson, stjórnarmaður